

Ed. **254. Breytingartillaga** [126. mál]
við frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 67 frá 20. apríl 1971.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við ákvæði til bráðabirgða:
B-liður orðist svo:

B. Vegna sjúkratrygginga:
Iðgjöld hinna tryggðu til sjúkratrygginga skv. 2. mgr. 48. gr. laganna.
Sérstakt framlag sveitarsjóða til sjúkratrygginga skv. 3. mgr. 49. gr. laganna skal árið 1972 vera 9.77% af tilföllnum gjöldum sjúkrasamlags, þ. á m. hlut í gjöldum héraðssamlags árið 1972.

Skal hvert sveitarfélag greiða sjúkrasamlagi framlag sitt með jöfnum greiðslum, sem stjórn viðkomandi sjúkrasamlags ákveður með hliðsjón af áætlun um framlagið. Uppgjör vegna greiðslanna fer fram að árinu liðnu.